

Símenntunaráætlun Waldorfskólans Sólstafa



Skólaárið 2023-2024

Um símenntun kennara

Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina. (Símenntun, afl á nýrri öld 1998 bls. 49).

Símenntun og starfsþróun kennara fer fram með ýmsu móti, ekki eingöngu með formlegu námi, þ.e. skilgreint nám skipulagt af viðurkenndum aðila, s.s. framhaldsnám, starfsrannsóknir og endurmenntunarnámskeið (formleg símenntun). Stór hluti símenntunar á sér stað í óformlegu námi, t.d. með þátttöku í ráðstefnum, málþingum, fræðslu- og kennarafundum og leshringjum (óformleg símenntun). Símenntun kennara/starfsmanna fer einnig fram sem formlaust nám, t.a.m. í samtölum við samstarfsmenn, lestri fræðiritra, notkun fjölmiðla og netmiðla (formlaus símenntun).

(Úr skýrslu mennta- og menningarmálamálaráðuneytis um endurskipulagningu endurmenntunar kennara 2010).

Símenntunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 102/126/150 (64) klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara.

Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti:

Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans,

áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla.

Símenntun sem hluti af 102/126/150 (64) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjórnarteymi er ábyrgt fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Þeir taka virkan þátt í gerð eigin

símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þörf krefur. Þeir taka einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans t.d. með því að koma með tillögur um námskeið/fræðslufundi.

Tímasetning: Undirbúningur símenntunaráætlunar skólans er á vorin. Skólastjóri kynnir og leggur símenntunaráætlun skólans fram og starfsmenn gera eigin áætlun í samræmi við áætlun skólans og eigin þarfir/óskir eftir því sem hægt er. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 102/126/150 klst. til símenntunar (og undirbúnings) á ári og starfsmenn a.m.k. 16 stundir á ári (þar með taldir starfsmannafundir).

Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmanna á fyrri árum.

Áherslur og framkvæmd símenntunar skólaárið 2023-2024

Áherslur í símenntun kennara og starfsfólks Waldorfskólans Sólstafa hafa verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Rík áhersla er lögð á símenntun innan skólans og starfsþróun. Skólinn starfar eftir kennslufræði Waldorf stefnunnar og fagleg og góð vinnubrögð starfsmanna og kennara byggir á þekkingu og færni þeirra í starfi.

Til að gefa mynd af símenntunarvinnu skólans má draga saman eftirfarandi atriði:

- Bekkjarkennurum, fagkennurum og starfsfólki býðst að fara árlega á ráðstefnu og faggreinanámskeið Waldorkennara á Norðurlöndum. Hafa kennarar nýtt sér það í ríkum mæli. Ráðstefnan í ár er í Osló og öllum opin.
- Kennurum og starfsfólki býðst að fara á önnur námskeið tengd Waldorkennslu erlendis og hérlendis, lýsi þeir áhuga á því.
- Margir af kennurum skólans hafa heimsótt erlenda Waldorfskóla og kynnt þá fyrir skólasamfélaginu hér. Áætlað er að fara í heimsókn með kennurum og starfsfólki skólans í Waldorfskóla í Svíþjóð og Finnlandi í júní 2024.
- Kennurum og starfsfólki býðst að fara námskeið hérlendis varðandi skólamál, kennslu og umönnun nemenda, lýsi þeir áhuga á því.
- Gestakennarar skólans halda oft kynningar, fyrirlestra og námskeið fyrir kennara og starfsfólk. Í ár verður fyrirlestur gestakennara frá Kanada og Englandi á haustönn og gestakennara frá Englandi á vorönn.
- Kennarafundir eru vettvangur símenntunar og er ýmislegt efni tengt uppeldisstefnunni tekið fyrir og lesið og rætt yfir tímabil.
- Margir af kennurum skólans hafa stundað fjölbreytt fjarnám á háskólastigi undanfarin ár, með stuðningi skólans og samstarfsfólks.
- Á skólaárinu er starfsdagur í nóvember þar gestakennari frá Kanada, fyrrv. kennari við Rudolf Steiner College Canada verður með stutt fjarnámskeið fyrir kennara um sagnahefð í kennslu ungra barna.
- Þróunarvinna með skólanámsskrá og samstarf við leikskólastig fer fram á vorönn og er leidd af Waldorkennurum skólans.

*Starfsfundir eru vikulega á fimmtudögum í skólanum, 2/+stundir. Á þeim fundum fer fram fagleg umræða, skólaþróunarvinna, námsmatsvinna og áætlanavinna um daglegan rekstur skólans.

*Kennurum býðst að stunda framhaldsnám í fjarnámi og geta þá sótt staðlotur námsins meðfram vinnu. Verkefna og undirbúningsvinna telst til símenntunar þeirra. Stjórn skólans metur hvort umsókn um fjarnám gengur eftir hverju sinni með tilliti til hagsmuna nemenda, áherslna skólans og fjármagns.

*Kennarar stunda sjálfsnám og undirbúning kennslu.



Starfspróun og kennsla

Hærra menntunarstig kennara við skólann hefur verið eitt af markmiðum í þróunarstarfi skólans. Þegar sú vinna fór af stað árið 2006, var áætlunin sú að hækka menntunarstig sem flestra kennara upp í MA. gráðu og vinna að því að fá réttindi Waldorfkennara metin hérlandis. Miðað var við að árið 2012 væru allir kennarar skólans með kennsluréttindi á grunnskólastigi.

Unnið var í samstarfi við Waldorfkennaraháskólann í Noregi og hafa tveir af kennurum skólans lokið meistaranámi þaðan. Einnig hefur skólinn stutt tvo aðra kennara til kennsluréttinda í Waldorf uppeldisfræði erlendis á undarförnum 5 árum og hafa þeir bætt því við grunnskólakennararéttindi sín hérlandis.

Í dag er 90% af kennurum skólans með kennsluréttindi á meistarastigi. Þrír þeirra eru að auki með Waldorfkennara réttindi. Einn leiðbeinandi starfar enn fremur við skólann í vetur.

Mikil endurmenntun kennara við skólann undanfarin ár hefur haft góð áhrif á skólaþróun og kennslu og er skólinn í góðum tengslum vegna þessa við nýja strauma í skólastefnunni, beggja vegna Atlantshafsins.

Þar sem waldorfstefnan er alþjóðleg skólastefna er skólanum nauðsynlegt að mynda og viðhalda faglegum tengslum við skólasamfélagið í sem víðustu samhengi, bæði

innanlands og ytra.

Skólinn hefur verið í viðræðum við íslensk menntayfirvöld í sambandi við að meta 5 ára nám Waldorfkennara á háskólastigi til fulls hér á landi en hefur ekki fengist viðunandi niðurstaða í þeim viðræðum ennþá.

Skólaárið 2023-2024 er áætlun vegna símenntunar þessi:

Námskeið	á vegum	greiðandi	Klst 102/126/150	Klst starfsd.
Waldorfkennanámsskeið í Osló 1 vika í ágúst 2023	Steinerskole forbundet Norge Oslokurs	skólinn	50+	
Vikul.fagfundir	skólinn	skólinn	70+	
Sjálfsmat og skólaþróun	skólinn	skólinn		18
námsmatsvinna	skólinn	skólinn		38
Waldorfnámsk. 16.nóv 23 Starfsd. 3.jan Skólaþróun 2. febrúar 2024 Námsferð júní 2024	Waldorfkennarar /gestakennarar	skólinn Stéttarfélag	2 40	8 8
Undirb.skólast.	skólinn	skólinn		48
Námskeið, fræðsluf. sjálfval	Ýmsir innl./erl.	starfsmenn/skóli	Misjafnt/	Misjafnt/
Sjálfsnám námsefnisgerð	kennarar starfsmenn	kennarar starfsmenn	Misjafnt/	Misjafnt/

Lokaorð

Allir kennarar og starfsmenn Sólstafa geta lagt fram óskir sínar um símenntun og starfsþróun við kennarateymi skólans.

Skólasamfélagið gerir sér far um að gera kennurum og starfsfólki kleift að þroska og þróa starfssvið sitt eins og hægt er og að nýta sér alla þá góðu kosti sem í boði eru til símenntunar.